




SJÁLFSMATSSKÝRSLA AKURSKÓLA

2019-2020



Efnisyfirlit

1	Inngangur	2
2	Innra mat í Akurskóla	3
2.1	Sjálfsmat – Hvernig gengur okkur?.....	3
2.2	Vísbendingar – Hvað vitum við um stöðuna?.....	3
2.3	Framtíðarsýn – Hvaða árangri viljum við ná?.....	4
2.4	Viðbrögð – Hvernig skal bregðast við?.....	4
2.5	Aðgerðir – Hvernig bætum við okkur?.....	4
2.6	Eftirfylgd – Höfum við gert það sem við ætluðum að gera?.....	4
3	Um skólann	5
3.1	Skólastefna Akurskóla	5
4	Viðfangsefni mats 2019-2020	7
5	Helstu niðurstöður sjálfsmats	9
5.1	Skólanámskrá	9
5.2	Skólapúlsinn - Nemendakönnun.....	9
5.3	Samræmd próf.....	11
5.3.1	4. bekkur.....	11
5.3.2	7. bekkur	12
5.3.3	9. bekkur.....	13
5.4	Niðurstöður eineltisteymis	14
5.5	Samtöl	15
5.5.1	Foreldrasamtöl.....	15
5.5.2	Starfsmannasamtöl.....	15
5.5.3	Kennslurýni og samtöl	15
5.6	Vinnustaðagreining Reykjanesbæjar.....	16
5.7	Lestrarskimanir	16
5.7.1	Logos-læsissskimun í 6. bekk.....	16
5.7.2	Logos-læsissskimun í 9. bekk.....	16
5.7.3	Orðarún	17
5.7.4	Lesfimi	18
5.8	Stærðfræðiskimanir	20
5.8.1	Talnalykill í 3. bekk.....	20
5.8.2	Talnalykill í 6. bekk	21
5.9	Mat á kennslu og skipulagi vegna Covid-19	22
5.10	Framkvæmdamat	24
6	Mat á umbótaþáttum	26
6.1	Námsárangur	26
6.2	Innleiðing aga/uppeldisstefnu - Uppbyggingastefnan.....	26
6.3	Umbótateymin	26
6.4	Sýnileiki skólans.....	27
7	Lokaorð	28

1 INNGANGUR

Skipulag innra mats í Akurskóla byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Viðmiðið er sett um stöðugan vöxt og árangur í skólastarfinu og að Akurskóli sé í röð fremstu grunnskóla landsins. Menntastefna Reykjanesbæjar er höfð að leiðarljósi þar sem stefnt er að því að bæta námsárangur og vellíðan nemenda og starfsfólks.

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (Lög um grunnskóla nr. 91, 2008).

Mat á skólastarfi er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir, innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila, ytra mat.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg viðbrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður skal nýta til umbóta í skólastarfi að höfðu samráði við skólaráð.

Stjórnendur setja upp áætlun um innra mat til þriggja ára í senn og leggja fyrir starfsmannafund og skólaráð. Áætlun fyrir 2018-2021 var sett fram haustið 2018, birt á heimasíðu skólans, kynnt skólaráði og samþykkt á starfsmannafundi. Hlutverk stjórnenda í samstarfi við starfsmenn er að fylgja eftir sjálfsmatsáætlun, aðstoða við fyrirlögn kannana, vinna úr niðurstöðum þeirra og sjá til þess að kynna niðurstöður fyrir starfsmönnum, nemendum, skólaráði, foreldrum og birta þær á heimasíðu.

2 INNRA MAT Í AKURSKÓLA

Sjálfsmatshringurinn hér fyrir neðan lýsir vel sjálfsmatsaðferðum Akurskóla en vorið 2017 var farið í gagnvera breytingu á sjálfsmati skólans í kjölfarið á ytra mati á skólanum haustið 2016. Í ytra matinu kom fram að bæta mætti nokkra þætti innra matsins og var strax unnið í því að styrkja þennan þátt enn frekar í skólastarfinu.



2.1 Sjálfsmat – Hvernig gengur okkur?

Með innra mati er skólum gert kleift að byggja ákvarðanir um starfið á meðvituðu, formlegu mati þar sem skólasamfélagið skoðar hvernig skólinn stendur sig, hvað vel er gert og hvað þarf að bæta, með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Innra mat snýst með öðrum orðum um að skólasamfélagið læri saman, hampi því sem vel er gert og vinni saman að umbótum.

Við lok skólaárs eiga öll gögn að vera fyrirbyggjandi og ritun sjálfsmatsskýrslu getur farið fram. Hún er birt á heimasíðu skólans í júní ár hvert. Sjálfsmatsskýrslan er send fræðslustjóra sem kynnir hana fyrir Fræðsluráði og einnig er hún kynnt starfsmönnum sem lesa yfir sjálfsmatsskýrsluna í júní og koma með athugasemdir. Skólastjóri er ábyrgur í samstarfi við aðra stjórnendur skólans fyrir ritun sjálfsmatsskýrslunnar og kynningu á henni.

2.2 Vísbendingar – Hvað vitum við um stöðuna?

Fjöldi kannana, skimana og prófa eru lögð fyrir á hverju ári og greina fjölmargar hliðar skólastarfsins. Niðurstöður prófa og skimana gefa vísbendingar um námslega stöðu nemenda. Niðurstöður kannana gefa vísbendingar um viðhorf til skólans og líðan nemenda. Þessar niðurstöður eru greindar jafn óðum og þær berast og eru lykiltríði í niðurstöðum þeirra settar í sjálfsmatsskýrsluna. Á grunni þessa niðurstöðna eru ákvarðanir um umbætur teknar. Greining á niðurstöðum einstaka kannana er á ábyrgð þeirra starfsmanna sem sinna þeim þætti

skólastarfsins sem könnunin tekur til. Yfirlit yfir þær kannanir sem og skimanir sem notaðar eru við innra matið má sjá í töflu í kafla 4.

2.3 Framtíðarsýn – Hvaða árangri viljum við ná?

Skólinn setur sér viðmið um árangur. Viðmiðin eru sett með hliðsjón af stefnu skólans, aðstæðum og almennum samanburði á námsárangri. Árangursviðmiðin eru í raun skuldbinding um þann árangur sem stefnt er að ná. Árangursviðmiðin eru birt í sjálfsmatsskýrslu skólans.

2.4 Viðbrögð – Hvernig skal bregðast við?

Í kjölfar útgáfu sjálfsmatsskýrslu er brugðist við niðurstöðum hennar og aðgerðir ræddar. Nauðsynlegum umbótum forgangsraðað og umbótaáætlun rituð. Umbótaáætluninni er skilað til fræðslustjóra fyrir 15. október. Skólastjóri ber ábyrgð á ritun hennar.

2.5 Aðgerðir – Hvernig bætum við okkur?

Næsta skref er að framkvæma umbótaáætlunina. Hver umbótaþáttur hefur ábyrgðaraðila sem fylgist með framvindu mála.

2.6 Eftirfylgd – Höfum við gert það sem við ætluðum að gera?

Lokaþáttur sjálfsmatshringsins er nákvæm, reglubundin eftirfylgni. Eftirfylgni er nauðsynleg til að tryggja að starfsfólk uppfylli ábyrgðaskyldu sína gagnvart þeim umbótaþáttum sem eru á þeirra könnu og geri það sem starfsfólk skólans hafði sammælt um að yrði gert. Hluti af eftirfylgninni er að leggja mat á þann árangur sem af aðgerðum hefur hlotist og gera grein fyrir því mati í sjálfsmatsskýrslu.

3 UM SKÓLANN

Akurskóli hóf starfsemi haustið 2005. Skólinn var formlega vígður 9. nóvember 2005.

Akurskóli er staðsettur í Innri-Njarðvík en nafn skólans er dregið af Akurskóla sem var byggður árið 1891, skólahald stóð þar fram til ársins 1906.

Skólastjóri skólaárið 2019-20 var Sigurbjörg Róbertsdóttir. Aðstoðarskólastjóri var Þormóður Logi Björnsson. Deildarstjórar voru Guðrún Gunnarsdóttir og Katrín Jóna Ólafsdóttir. Verkefnastjóri stoðþjónustu var Helga Eiríksdóttir, verkefnastjóri tölvumála var Freyr Brynjarsson og verkefnastjóri íslensku sem annað mál var Hrefna Tómasar.

3.1 Skólastefna Akurskóla

Einkunnarorð Akurskóla

„Börn eru gleðigjafar, skapandi og fróðleiksfús“

Í Akurskóla er leitast við að móta skólastarf, framtíðarsýn og markmið í samvinnu allra sem í skólanum starfa, foreldra og nemenda. Í þeirri vinnu er lögð áhersla á að gefa nemendum tækifæri til frekara náms og skapa bestu skilyrði til þess. Lögð er áhersla á að höfða til áhugasviðs nemenda, að efla gagnrýna hugsun og að byggja nám á styrkleikum hvers og eins. Virðing nemenda fyrir sjálfum sér og umhverfinu er höfð að leiðarljósi.

Ytra skipulag

Kennarar vinna saman í teyllum í kennslustundum og við skipulagningu- og undirbúning kennslunnar. Hver árgangur á sína umsjónarkennara. Mikil áhersla er lögð á samvinnu allra nemenda og mismunandi hópaskiptingar í árgöngum. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og samvinnu nemenda. Umhverfi Akurskóla býður upp á mjög áhugaverða rannsóknarvinnu. Mikil náttúrufegurð er í næsta nágrenni skólans og einnig eru þar mannvirki sem eiga sér sögu. Í Akurskóla er lögð áhersla á að nýta þennan auð í grenndarkennslu og einnig viljum við tengjast atvinnulífinu í næsta umhverfi til náms.

Þátttaka nemenda

Við mótun skólastarfsins viljum við að raddir nemenda heyrast. Nemendur eiga fulltrúa í skólaráði skólans og lýðræðisfundir nemenda eru haldnir reglulega. Ábyrgð nemenda á eigin markmiðum og námsframvindu er mikilvæg. Í Akurskóla læra nemendur að setja sér markmið með náminu og meta eigin námsframvindu og annarra.

Þátttaka foreldra

Í Akurskóla höfum við sett okkur það markmið að nýta krafta og þekkingu foreldra til að efla skólastarfið. Meginmarkmið foreldrastarfs er að byggja upp jákvætt samstarf heimilis og skóla og bæta líðan nemenda. Svo það megi verða eiga foreldrar fulltrúa í skólaráði, boðið er upp á námskeið og óskað er eftir þátttöku foreldra í bekkjarstarfi.

Skólastarf Akurskóla hvílir á Fræjunum sem unnin voru af starfsmönnum skólans í samvinnu við foreldrasamfélagið.



Læsi í sinni víðustu merkingu er yfir og allt um kring í skólastarfinu.

4 VIÐFANGSEFNI MATS 2019-2020

	Heiti mats – hvað kannað	Matsaðilar	Tímasetning mats	Þátttakendur	Stefna og markmið	Nám og kennsla	Námsmat	Nemendur	Starfsfólk og starfsmannastjórnun	Aðbúnaður	Stjórnun	Ytri tengsl	Annað
Skólanámskrá	Endurskoðun á starfsáætlun.	Stjórnendur og kennarar.	Haust.	Starfsmenn og skólaráð.	x	x							
	Endurskoðun á almennum hluta	Stjórnendur og kennarar.	Haust.	Starfsmenn	x	x							
Skólalíf	Nemendakönnun: virkni nemenda, líðan nemenda bekkjarandi.	Skólalífssinn. Deildarstjóri leggur fyrir.	4 mælingar, tvær á haustönn og tvær á vorönn.	Nemendur 6. – 10. b. - úrtak í hverri mælingu.		x		x		x			
Samræmd próf	Námsleg staða í íslensku, stærðfræði í 4., 7., og 9. b og ensku í 9. b.	Samræmd próf Menntamála-stofnun.	September og mars.	Nemendur í 4., 7. og 9. b.		x		x					
Teymi	Umbótateymi – vinna að umbótum í skólastarfi: Byrjendalæsi, uppeldi til ábyrgðar, stærðfræði, umhverfi, samfélagsgreinar, skólalíðan og einelti	Kennarar. Fundir allt skólaárið.	Endurskoðun.	Kennarar.	x	x	x						
Samtöl	Starfsmannasamtöl.	Stjórnendur.	Feb. - mars.	Allir starfsmenn.	x				x	x	x		
	Kennslurýni og samtöl í kjölfarið	Stjórnendur.	Jan. – feb.	Kennarar	x	x			x	x	x		

	Heiti mats – hvað kannað	Matsaðilar	Tímasetning mats	Þátttakendur	Stefna og markmið	Nám og kennsla	Námsmat	Nemendur	Starfsfólk og starfsmannastjórn	Aðbúnaður	Stjórnun	Ytri tengsl	Annað
Lestrarskímanir	Logos lesskimun, lestrarhraði og lesskilningur	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við verkefnastjóra stoðþjónustu.	Nóvember.	6. bekkur - nemendur sem eru undir 120 orðum á mínútu í lesfimiþrófi Lesferils við lok 5. bekkjar.		x		x					
	Orðarún – lesskilningur.	Umsjónarkennarar	Lagt fyrir tvisvar á ári.	Nemendur 3. – 8. b.		x		x					
	Lesferill - lesskimun	Stjórnendur	Október.	1. bekkur		x		x					
	Lesferill - Lesfimi og stuðningspróf ef þarf	Kennarar 1.-10. bekkja í samráði við verkefnastjóra stoðþjónustu.	Prisvar á ári. Sept., jan og maí.	Nemendur í 1. - 10. bekk.		x		x					
Stærðfræðiskímanir	Hóppróf Talnalykils	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við verkefnastjóra stoðþjónustu.	Nóvember.	3. bekkur.		x		x					
	Hóppróf Talnalykils	Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar í samvinnu við verkefnastjóra stoðþjónustu.	Október.	6. bekkur.		x		x					
Framkvæmdamat	Á skólaárinu fara fram hinir ýmsu viðburðir í skólanum. Þetta eru viðburðir eins og jólahátíð, öskudagur, árshátíð, vorhátíð, þemadagar, skólasetning, skólaslit og fleira. Framkvæmdamat er gert eftir hvern viðburð.	Skólástjórnendur, allt skólaárið.	Allt skólaárið.	Starfsmenn skóla. Nemendur og foreldrar þegar við á.	x			x	x	x	x	x	x

5 HELSTU NIÐURSTÖÐUR SJÁLFSMATS

5.1 Skólanámskrá

Skólanámskrá er nánari útfærsla á ákvæðum aðalnámskrár sem tók gildi 2011 og í henni er gerð grein fyrir sérstöðu skólans og staðbundnum aðstæðum.

Akurskóli birtir skólanámskrá sína í tvennu lagi eins og lög gera ráð fyrir. Fyrri hlutinn er almennur hluti þar sem gerð er grein fyrir þeim gildum sem starf skólans byggir á.

Seinni hlutinn er starfsáætlun. Meðfylgjandi því riti eru bekkjarnámskrár allra árganga sem finna má á heimasíðu skólans. Í árlegri starfsáætlun er gerð grein fyrir starfstíma skólans, mikilvægum viðburðum í skólastarfi og kennsluáætlunum.

Skólanámskráin er birt á heimasíðu skólans www.akurskoli.is. Einnig er hægt að fá afrit af henni á skrifstofu skólans.

Allir kennarar skólans endurskoða bekkjarnámskrár að vori og aftur að hausti og eru þær birtar í október á heimasíðu skólans.

Vorið 2019 fóru starfsmenn skólans allir yfir alla hluta skólanámskrárinnar og skiluðu athugasemdum til deildarstjóra. Deildarstjóri fór yfir báða hluta með tilliti til athugasemda. Bæði ritin voru svo send út til kennara til yfirlestrar. Almennur hluti var tilbúin vorið 2019 en lokið var við starfsáætlun haustið 2019. Almennur hluti gildir í þrjú ár eða til 2022. Bæði ritin voru svo send fulltrúum í skólaráði til yfirlestrar sem samþykktir svo fyrir sitt leyti ritin á fyrsta fundi haustið 2019. Fræðsluráð samþykkti einnig bæði ritin sama haust.

5.2 Skólapúlsinn - Nemendakönnun

Skólapúlsinn er matstæki sem skólinn notar til að meta viðhorf nemenda, foreldra og starfsmanna til hinna ýmsu þátta í skólastarfinu. Annað hvert ár eru allar kannanir Skólapúlsins teknar en hitt árið er það eingöngu nemendakönnunin. Í ár var lögð fyrir nemendakönnun.

Í könnuninni var athyglinni beint að þeim þáttum þar sem marktækur munur var á niðurstöðum Akurskóla miðað við landið.

Viðmið Akurskóla er að vera við landsmeðaltal í öllum þáttum í öllum þremur könnunum. Þeir þættir þar sem við erum marktækt undir eru skoðaðir sérstaklega.

Nemendur í 6. – 10. bekk slembiraðast í sex úrtök í október, nóvember, desember, febrúar, mars og apríl til að svara spurningum í Skólapúlsinum. 228 nemendur af 271 svöruðu nemendakönnuninni í ár.

Eftirfarandi þættir eru mældir í nemendakönnun Skólapúlsins:

Ánægja af lestri, áhugi og ánægja af stærðfræði, áhugi og ánægja af náttúrufræði, trú á eigin námsgetu, trú á eigin vinnubrögð í námi, þrautseigja í námi, sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, tíðni eineltis, tegund eineltis, staðir eineltis, hreyfing, mataræði, samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara, agi í tímum, virk þátttaka í tímum, mikilvægi

heimavinnu í náminu og að lokum eru tvær opnar spurningar um hvað nemendum þyki gott við skólann og hvað slæmt.

Valið á spurningunum sem í þeim eru byggir að mestu á rannsóknum á íslenskum PISA gögnunum og kvörðum frá Námsmatsstofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókninni sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar. Valið er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins.

Helstu niðurstöður

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,7	209	-0,1	4,7	14.969	0,0
1.2. Þrautseigja í námi	4,6	217	-0,1	4,8	15.011	-0,2
1.3. Áhugi á stærðfræði	5,1	216	-0,1	5,0	15.274	0,1
1.4. Ánægja af náttúrufræði	5,4	216	-0,1	4,8	15.270	0,6*
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,4	216	-0,2	4,8	15.026	-0,4*
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,3	215	-0,2	4,7	15.263	-0,4*

Hér er ánægjulegt að sjá að ánægja af náttúrufræði er marktækt meiri meðal nemenda í Akurskóla en hjá öðrum nemendum á landinu. Þetta er fimmta árið í röð þar sem nemendur Akurskóla eru tölfræðilega marktækt yfir landsmeðaltali í þessum þætti. Trú á eigin vinnubrögð í námi og trú á eigin námsgetu mælist marktækt undir landsmeðaltali. Neikvæð breyting hefur verið á öllum þáttum í þessum flokki frá árinu á undan, þó ekki marktækt.

2. Líðan og heilsa

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	3,9	215	-0,6	4,5	14.993	-0,6*
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,0	214	-0,4	4,6	14.973	-0,6*
2.3. Velliðan	4,0	214	-0,4	4,6	15.203	-0,6*
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	84	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,9	213	0,1	5,4	15.178	0,5*
2.6. Tíðni eineltis	15,0%	32 _{/213}	-3,2%	12,5%	1915 _{/15123}	2,5%
2.7. Staðir eineltis	-	31	-	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	46,0%	97 _{/211}	1,1%	45,6%	6657 _{/14780}	0,4%
2.9. Hollt mataræði	4,7	214	0,0	4,7	14.912	0,0

Sjálfsálit, stjórn á eigin lífi og velliðan nemenda í Akurskóla mælist undir landsmeðaltali og er tölfræðilega marktækt. Dregið hefur úr tíðni eineltis í Akurskóla á milli ára. Athyglisvert er að sjá að sjálfsálit fer niður um 1,2 og stjórn á eigin lífi um 1,1 milli kannana fyrir Covid-19 og þeirri sem var gerð undir lok Covid-19 takmarkana skóla.

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,6	214	-	5,0	14.909	-0,4*
3.2. Samband nemenda við kennara	5,1	214	-0,0	4,9	15.134	0,2
3.3. Agi í tímum	4,8	214	0,1	4,9	15.129	-0,1
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,1	211	-0,1	5,1	15.102	0,0
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	5,0	211	-	5,0	15.089	0,0


Lítill breyting varð á þessum þætti á milli ára. Samsömun við nemendahópinn mælist marktækt undir landsmeðaltali og mældist 1,0 neðar fyrir Covid-19 miðað við undir lok takmarkana í skólum vegna Covid-19, önnur atriði eru svipuð og landsmeðaltalið.

5.3 Samræmd próf

Í september þreyta nemendur í 4. og 7. bekk samræmd próf í íslensku og stærðfræði. Í mars fóru nemendur í 9. bekk í samræmd próf í íslensku, stærðfræði og ensku. Samræmd próf eru tekin á sama tíma á öllu landinu og eru ein leið af mörgum til að afla upplýsinga um stöðu nemenda og einnig stöðu skólans. Það er Menntamálastofnun sem vinnur úr prófunum og sendir skólanum niðurstöðurnar og hver staða skólans er í samanburði við aðra skóla á landinu. Stjórnendur og kennarar rýna síðan í þessar niðurstöður.

Viðmið Akurskóla eru að vera á landsmeðaltali eða yfir í öllum prófum í öllum árgöngum. Landsviðmið eru sett fram í fremstu súlunni og er miðaða við að 25% nemenda nái raðeinkunn 76-99, 50% nái 25-75 og 25% nemenda fái raðeinkunn frá 1-24.

5.3.1 4. bekkur




Raðeinkunnir

Próf	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	Heild	24	10	41,7%	11	45,8%	3	12,5%
	Lestur	24	9	37,5%	12	50,0%	3	12,5%
Stærðfræði	Heild	26	9	34,6%	14	53,9%	3	11,5%
	Reikningur og aðgerðir	26	8	30,8%	12	46,1%	6	23,1%

Miðað er við að 25% nemenda nái raðeinkunn á milli 76 og 99 en eins og sést hér er hlutfall nemenda Akurskóla sem náðu því 12,5% í íslensku og 11,5% í stærðfræði. Hlutfall nemenda sem er í lægsta þrepinu frá raðeinkunn 1 til 24 er talsvert hærra í Akurskóla en 25% sem er viðmiðið. 41,7% var á þessu bili í íslensku og 34,6% í stærðfræði


5.3.2 7. bekkur




Próf	Hluti	Fjöldi	Raðeinkunn 1-24		Raðeinkunn 25-75		Raðeinkunn 76-99	
			Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Íslenska	Heild	46	17	37,0%	27	58,7%	2	4,3%
	Lestur	46	11	23,9%	31	67,4%	4	8,7%
Stærðfræði	Heild	47	19	40,4%	25	53,2%	3	6,4%
	Reikningur og aðgerðir	47	17	36,2%	26	55,3%	4	8,5%

Eingöngu 4,3% nemenda nær raðeinkunn 76-99 í íslensku og 6,4% í stærðfræði. Landsviðmiðið er að 25% nemenda eigi að ná þessum árangri. Eins og í 4. bekk er hlutfall nemenda með raðeinkunn 1-24 um 40% í báðum greinum en þar er viðmiðið einnig 25%.


5.3.3 9. bekkur




Akurskóli er að nálgast landsmeðaltal í íslensku í 9. bekk. Að vísu fékk enginn nemandi A í íslensku í ár en því fleiri B+. Enginn nemandi fékk D. Hlutfall þeirra sem náðu raðeinkunn 76-99 í íslensku er 21,6% sem er mjög nálægt viðmiðum en ívið lægra en árið á undan.



Árangurinn í stærðfræði var nokkuð góður. Enginn nemandi fékk A en hlutfall þeirra sem voru með raðeinkunn 76-99 var 19,5% sem er hærra en í fyrra en enn nokkuð frá 25% viðmiðunum.



Niðurstöður í ensku í 9. bekk eru ásætlanlegar. Hlutfall þeirra sem fékk raðeinkunn 76-99 var 19,1% sem er í víð lægra en í fyrra og aðeins frá viðmiðunum 25%.



Hlutfall þeirra sem fá raðeinkunn 76 - 99 er ívíð lægra í öllum greinum í Akurskóla en hlutfall þeirra sem fá raðeinkunn 1 - 24 hefur lækkað í flestum greinum.

5.4 Niðurstöður eineltisteymis

Eineltisteymi er starfrækt við Akurskóla. Í því sitja Sigrún Helga náms- og starfsráðgjafi, Arna Þroskaþjálfari, Eyrún Þroskaþjálfari, Helga verkefnastjóri sérkennslu og Katrín Jóna deildarstjóri yngra stigs. Í byrjun þessa skólaárs lokuðum við tveimur málum sem bárust teyminu skólaárið 2018-2019. Þá hafa öllum málum sem bárust teyminu skólaárið 2018-2019 verið lokað. Jafnframt bárust teyminu fjórar nýjar tilkynningar um grun um einelti og eru þau öll enn opin. Samkomubann hafði áhrif á gang mála og ákveðið var að hafa málin opin fram á næsta skólaár og sjá hvernig málin þróast þá.

5.5 Samtöl

Hér er gerð grein fyrir foreldrasamtölum og starfsmannasamtölum.

5.5.1 Foreldrasamtöl

Í Akurskóla koma foreldrar þrisvar á ári í samtal við kennara. Í september hitta nemendur og foreldrar kennara þar sem nemendur setja sér námsmarkmið og farið er yfir helstu áherslur námsársins. Mæting foreldra var almennt góð í foreldrasamtöl. Tímabantanir í gegnum Mentor gengu vel og voru kennarar mjög sáttir við að foreldrar sæju sjálfir um að panta tíma.

Nemendur fengu afhentan vitnisburð sinn í janúar. Í kjölfarið voru foreldrasamtöl. Kennarar ræddu niðurstöður námsmats á þessum degi, hvernig hefði gengið og hvert framhaldið væri. Einnig var farið yfir skimanir sem höfðu borist á haustönn og foreldrar fengu æfingarpakka með sér heim fyrir börnin ef þurfa þótti. Almennt mjög góð mæting og ánægja með daginn.

Í lok maí átti að vera síðasti samtalsdagurinn. Vegna mikillar skerðinga á skólastarfi vegna Covid-19 var ákveðið að bjóða þeim sem vildu að fá símtal frá umsjónarkennara að fá slíkt í lok maí og formlegur samtalsdagur var felldur niður. Eingöngu foreldrar 1-6 nemenda í hverjum árgangi báðu um símtal.

5.5.2 Starfsmannasamtöl

Allir starfsmenn skólans fóru í starfsmannasamtöl til skólastjóra, aðstoðarskólastjóra eða deildarstjóra. Starfsmönnum var skipt á stjórnendur en gátu beðið um að skipta ef þeir höfðu áhuga á því. Starfsmenn fylltu út rafrænt eyðublað með ákveðnum spurningum áður en þeir mættu til viðtals. Svör starfsmanna voru notuð sem grunnur í viðtölunum. Viðtölin gengu vel og skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjórar unnu úr þeim saman.

Í ár var spurningarlistinn stytur verulega og starfsmönnum einnig gefið tækifæri á að svara bara spurningum og mæta ekki í viðtal og völdu 30% starfsmanna að gera það.

Almenn líðan var yfirleitt góð hjá starfsmönnum en nokkrir töluðu um álag aðallega vegna óvæntra atvika eins og veikinda samstarfsfólks. Aðbúnaður var góður en þröngt í sumum vinnuherbergjum.


Starfsmenn sáu mörg tækifæri hjá sjálfum sér að bæta sig en sáu líka margt í skólastarfinu sem hægt var að hrósa. Meirihluti þeirra sem svöruðu sáu ekki margt sem þeir myndu breyta strax væru þeir stjórnendur.

5.5.3 Kennslurýni og samtöl

Sjötta árið í röð fóru skólastjórnendur inn til allra kennara og sátu a.m.k. eina kennslustund hjá hverjum. Stjórnendur voru með punkta á blaði sem kennarar höfðu fengið að sjá áður og mátu þessa þætti hjá kennaranum. Hver kennari fékk svo samtal við stjórnanda um hvað var vel gert og hvað mætti betur fara. Mikil ánægja var meðal kennara með matið og sögðust allir hafa haft ánægju af því að fá skólastjórnendur inn og fá samtalið.

5.6 Vinnustaðagreining Reykjanesbæjar

Í ár lagði Reykjanesbær fyrir könnun sem beindist að því að greina vinnustaði bæjarins. Allir starfsmenn skólans tóku þátt í könnuninni og voru niðurstöður kynntar á starfsmannafundi ásamt því að vera settar á Workplace. Helstu niðurstöður má sjá á meðfylgjandi mynd.



Farið var vel yfir alla þætti og hugað sérstaklega að þeim þáttum sem má bæta. Þar kom skýrt fram að álag í starfi væri of mikið og verður strax hugað að því í haust m.a. með því að draga úr yfirvinnu og huga að starfsaðstæðum allra.

5.7 Lestrarskimanir

5.7.1 Logos-læsissskimun í 6. bekk

Í Logos í 6. bekk eru einungis þeir nemendur skimaðir sem eru undir 120 orðum á mínútu í lesfimiþrófi Lesferils við lok 5. bekkjar. Þetta er breytinga frá fyrri árum og því er ekki birt súlurit lengur yfir árangur nemenda í árgangnum.

29 nemendur af 66 í 6. bekk voru prófaðir að þessu sinni eða 44%. Fimm nemendur náðu góðum leshraða og góðum lesskilningi. Þrettán nemendur voru með slakan leshraða og góðan lesskilning og ellefu nemendur voru slakir í báðum þáttum. Kennarar unnu með hvern hóp og æfðu viðkomandi þætti.


Kennsluráðgjafar frá Fræðsluskrifstofu kynntu niðurstöður fyrir kennurum, verkefnastjóra sérkennslu og skólastjórum á fundi.

Mikið var unnið með lesskilning í allan vetur hjá öllum hópunum. Farið var í PALS og unnið með marga texta úr bókinni Smellur, en þar eru kenndar aðferðir við að sjá samhengi í texta, lesa í aðstæður, lesa milli lína, túlka o.s.frv. Við sendum foreldrum nemenda sem átti að endurmeta póst, þar sem ferlið var útskýrt og við báðum þau um samvinnu. Nemendurnir fóru í verkefnið fimmuna og þau fengu send heim nefnuhraðaæfingar. Stuðningsfulltrúar í bekkjunum fengu leiðbeiningar um hvernig gott væri að láta börnin lesa, þegar þau voru látin lesa nokkra morgna í viku. Vegna Covid-19 voru nemendurnir ekki endurmetnir af starfsfólki fræðsluskrifstofu.

5.7.2 Logos-læsissskimun í 9. bekk

Viðmið Akurskóla er að 70% nemenda sé yfir 30 í leshraða og lesskilningi. 8. bekkur er skimaður á hverju vori og niðurstöður kynntar að hausti, í 9. bekk.

Leshraði	Yfir 30	Milli 15 og 30	Undir 15	Samtals
	32	5	9	46
	69,6%	10,9%	19,6%	100%
Lesskilningur	31	4	11	46
	67,4%	8,7%	23,9%	100%



Um 70% nemenda ná yfir 70% viðmið í lesskilningi og leshraða í 9. bekk.

Kennsluráðgjafar frá Fræðsluskrifstofu kynntu niðurstöður fyrir kennurum, verkefnastjóra stoðþjónustu og skólastjórum á fundi. Leshraði hefur aukist á milli ára en lesskilningur fer örlítið niður þetta árið.

Niðurstöður voru sendar á foreldra og hvatt til aukins heimalesturs. Í kjölfarið var átak í leshraðabjálfun þar sem nemendum var skipt í fjóra hópa eftir því hvort og hvaða stuðning þau þyrftu. Nemendur fengu Fimmuna heim sem fólst í því að nemendur lásu sama textann fimm sinnum, tíminn tekinn og hann skráður af foreldrum. Aukin áhersla var á yndislestur í skólanum og bjálfun lesskilnings auk þess sem tveir lestrarsprettir voru skipulagðir og boðið var upp á lestraráskorun á vorönn en þátttakan var dræm í árganginum.


5.7.3 Orðarún

Orðarún er staðlað lesskilningspróf ætlað nemendum í 3. - 8. bekk grunnskólans. Tvö próf eru fyrir hvern árgang. Hvert próf samanstendur af tveimur textum og fylgja tíu fjölvalsspurningar eða fullyrðingar hvorum texta. Prófspurningar reyna í stórum dráttum á ferns konar færni:

- að greina staðreyndir sem koma fram í texta, orðréttar eða umorðaðar
- að draga ályktanir af því sem ekki er sagt berum orðum í texta
- að átta sig á meginefni texta
- að útskýra orð og orðasambönd

Prófin eru lögð fyrir í að hausti í október eða nóvember og svo að vori í febrúar eða mars.

Umsjónarkennarar lögðu prófin fyrir og fóru yfir þau. Verkefnastjóri stoðþjónustu hafði yfirumsjón með fyrirlögn.



Á myndinni má sjá meðaltal hvers árgangs í hvoru prófi fyrir sig. Akurskóli miðar við að meðaltal árgangs sé 65% og ná tveir árgangar því, 3. og 5. bekkur að vori. Þá eru talsverðar framfarir í öllum bekkjum nema 8. bekk.

Í kjölfarið á fyrirlögn prófanna mátu kennarar niðurstöður og fylgdu þeim eftir með þjálfun og í bekk og endurmati.

5.7.4 Lesfimi

Lesferill - lesfimi var lagt fyrir í 1.-10. bekk.

- 1. bekkur: Lesskimunarpróf í september
- 1.-10. bekkur: lesfimi í september, janúar og maí.
- 1.-10. bekkur: Sjónrænn orðaforði, orðleysur og nefnuhraði í september, janúar og maí eftir þörfum.

Lesviðmiðin samanstanda af þremur flokkum:

- Viðmið 1 sem 90% nemenda eiga að uppfylla
- Viðmið 2 sem 50% nemenda eiga að uppfylla
- Viðmið 3 sem 25% nemenda eiga að uppfylla

Umsjónarkennarar í 1. - 5. bekk lögðu prófin fyrir hjá sínum nemendum en í 6. - 10. bekk lagði Elín Njálsdóttir, sérkennari, lesfimiþrófin fyrir alla nemendur í september, janúar og maí. Eftir fyrirlögn voru niðurstöður skráðar inn í Skólagátt og kennarar fengu stöðuna á hverjum nemenda miðað við stöðu jafnaldra á landsvísu úr Skólagátt og unnu út frá henni.


Verkefnastjóri stöðþjónustu hafði yfirumsjón með fyrirlögn.

Niðurstöður lesskimunarprófs í 1. bekk og lesfimiþrófa í öllum árgöngum voru færðar í Mentor og einnig kynntar á samtalsdegi í janúar og í námsmati að vori. Niðurstöðum lesskimunarprófs var einnig skilað inn til Fræðsluskrifstofu til úrvinnslu.


Í kjölfarið af skimun í 1. bekk var brugðist við námsþörfum nemenda. Nemendur með slaka stafa- og hljóðaþekkingu fengu sérkennslu í lestri strax um haustið fram á vor. Markvisst

samstarf var við foreldra þessara barna. Foreldrar fengu tölvupóst um hvaða stafur var lagður inn og þeir fengu þjálfunarefni heim með stafnum. Foreldrar fengu einnig stöðuna á framvindu reglulega. Nemendur með erfiðleika í öðrum bekkjum fengu þjálfun hjá sérkennara eða stoðkennara. Nemendur lásu fyrir kennara og/eða stuðningsfulltrúa daglega. Þeir nemendur í 2. til 7. bekk sem voru nálægt 1. þrepi fengu Eitt skref í einu – Lesfimiþjálfun.

Eins og sjá má á þessum tveimur myndum sem sýna fyrirlögn í september og maí sýna nemendur í Akurskóla talsverðar framfarir.



Fyrsta súlan sýnir viðmið MMS fyrir alla árganga. Í september eru nemendur Akurskóla nokkuð frá þessu viðmiði.



Í maí má sjá að allir árgangar ná framförum í lesfimi. Sérstaklega eru miklar framfarir í 1. og 5. bekk og 9. og 10. bekkur standa sig vel að vori.


5.8 Stærðfræðiskimanir

Fulltrúar frá Fræðsluskrifstofu lögðu skimunarpróf Talnalykils fyrir í 3. bekk í nóvember og fyrir nemendum í 6. bekk í október.

5.8.1 Talnalykill í 3. bekk

Viðmið Akurskóla er að 70% nemenda ná yfir 70 rétt.

Talnalykill	Yfir 70% rétt	Undir 70%	Samtals
Fjöldi	15	20	35
	43%	57%	100%



Myndin sýnir meðaltal nemenda í árgangnum

Kennsluráðgjafar frá FRÆ kynntu niðurstöður fyrir kennurum, verkefnastjóra stoðþjónustu og skólastjórum á fundi og úrræði voru rædd. Niðurstöðurnar voru kynntar foreldrum á samtalsdegi í janúar.


Umbótaáætlun 3.bekkjá varðandi niðurstöðu Talnalykils

Tækifæri til umbóta	Leiðir að umbótum	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Matsaðferðir	Aðgerðir metnar
Viðfangsefni sem þarfnast umbóta	Hvaða aðgerð (ir) stuðlar að umbótum	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð á að umbætur komist til framkvæmda	Hvernig á að meta hvort aðgerðir skila umbótum	Hvenær á að meta hvort aðgerðir hafa skilað árangri
Niðurstöður Talnalykils benda til þess að nemendur eru á góðri leið að tileinka sér reikniaðgerðirnar fjórar, þ.e. samlagningu, frádrátt, margföldun og deilingu.	Upprifjun á reikniaðgerðum og innlöggn fyrir þá sem þurfa.	Upprifjun hefst eftir áramót og áætluð lok í byrjun apríl.	Umsjónarkennarar og deildastjóri yngsta stigs.	Með símati í formi kaflaprófa og stuðningsverkefna.	Í lok vorannar.

5.8.2 Talnalykill í 6. bekk

Viðmið Akurskóla er að 70% nemenda nái yfir 70% rétt í talnalykli.

Talnalykill	Yfir 70% rétt	Undir 70%	Samtals
Fjöldi	38	29	67
	57%	43%	100%



Myndin sýnir meðaltal nemenda í árgangnum

Nemendur sýndu mjög góðan árangur og er þetta besti árangur sem mælst hefur á talnalykli í Akurskóla. Enginn nemandi var undir 30% en það á við nemendur sem þarfnast mikillar þjálfunar.

Kennsluráðgjafar frá FRÆ kynntu niðurstöður fyrir kennurum, verkefnastjóra stoðþjónustu og skólustjórum á fundi og úrræði voru rædd.

Við skoðuðum niðurstöður og rýndum sérstaklega í þau próf sem komu okkur á óvart. Nemendum var getuskipt, allir fóru yfir sama efni en farið var misjafnlega djúpt í efnið. Við fengum niðurstöðurnar nokkrum vikum fyrir Covid-19 og þess vegna tafðist eftirfylgnin, en um vorið æfðum við allar grunnaðgerðirnar aftur, farið var yfir það sem kom illa út á talnalyklinum og þarfnaðist aukinnar þjálfunnar.

5.9 Mat á kennslu og skipulagi vegna Covid-19

Vegna heimsfaraldurs, Covid-19, boðaði sóttvarnalæknir og ríkisstjórn Íslands til verulegar skerðingar á skólahaldi í landinu frá og með 16. mars. Samfara því var sett á samkomubann í landinu. Allt skólastarf miðaðist við að frá og með 16. mars mættu ekki fleiri en 20 koma saman í hóp og nemendur mættu ekki hittast á göngum eða í matsal. Kennslu í öllum list- og verkgreinum var hætt í hefðbundnum stofum og íþróttahús og sundlaug lokuðu.

Skólastjórnendur í Reykjanesbæ unnu þétt og náð saman helgina fyrir þennan dag og settu upp skipulag til að verða við þessum takmörkunum.

Í Akurskóla var kennsla á tvennan hátt. Í 1. – 7. bekk var nemendum skipt upp í hópa, tvo eða fjóra eftir fjölda barna í árgangi. Kennurum og stuðningsfulltrúum var öllum skipt niður á þessa hópa og búin til sóttvarnasvæði í skólanum. Hver nemandi fékk kennslu annan hvern dag en starfsmenn mættu alla daga. Allir hópar fengu íþróttir úti á hverjum degi. Árgangar mættu á mismunandi tímum í skólann frá 8:10 til 9:00 og gengu inn um mismunandi innganga. Sama gilti þegar farið var heim. Heimför hópa var frá 12:30 til 13:30 og út um sömu innganga. Nemendur neyttu matar í stofunum sínum sem Skólamatúr útvegaði.

Það er mat stjórnenda og kennara að vel hefði tekist til með skipulag kennslu hjá þessum hópum. Margir töluðu um að nemendur hefðu fengið meiri kennslu þrátt fyrir að mæta bara annan hvern dag í skólann þar sem fleiri fullorðnir komu að hverjum hópi og meiri tími gafst með hverju og einum. Það sem við lærðum af þessu er að heimaverkefni hefðu þurft að vera skipulagðari þá daga sem nemendur eru heima, í stað þess að vera með almenn fyrirmæli. Nokkrir hópar gerðu þetta mjög vel.

Nemendur í 8. – 10. bekk lærðu heima með aðstoð kennara í gegnum hin ýmsu forrit. Kennarar nýttu sér Teams, OneNote og Mentor. Sett var upp sérstök stundatafla þar sem ákveðin fög voru kennd á ákveðnum dögum. Kennarar voru í miklum samskiptum við nemendur og gátu þeir sent fyrirspurnir eða pantað fund með kennurum til að ræða hlutina eða fá útskýringar á einhverju sem þeir skildu ekki.

Eftir páska breyttum við fyrirkomulaginu hjá unglíngastigi. Nemendum í hverjum árgangi var skipt í þrjá hópa og þeim gefinn kostur á að koma í skólann einu sinni til þrisvar í viku. Einhverjir völdu að halda áfram í heimanámi með aðstoð en margir mættu eins og þeir máttu til að hitta félagar og kennara.


Á unglíngastigi fundu kennarar fyrir miklu vinnuálagi. Þeir þurftu að færa alla kennsluna sína á rafrænt form og samskipti við nemendur tóku mun lengri tíma. Margt jákvætt kom þó fram og nemendur sem höfðu kannski ekki verið að sinna námi sínu nógu vel í hefðbundinni kennslu tóku við sér og þessi leið hentaði þeim betur. Þegar líða fór á tímarn komu kennarar sér upp kerfi og pössuðu upp á tímarn sem fór í þessa aðstoð þannig að vinnan yrði ekki of mikil.

Tveir starfsdagar voru teknir í að skipuleggja starfið vegna Covid-19. Fyrri dagurinn var mánudagurinn 16. mars og hinn var þriðjudagurinn 14. apríl. Öll bundin viðvera kennara féll niður frá 16. mars til 30. apríl.

4. maí hófst hefðbundið skólastarf á nýjan leik. Viðvera kennara var minni en venjulega fram að skólaslitum.

Á heildina litið gekk þessi tími vonum framar. Ekki þurfti mikið að hreyfa við upphaflega skipulaginu sem segir okkur að það hafi verið nákvæmt og gott. Hægt var að meta nemendur í öllum greinum á hefðbundin hátt þó að einhverjar smiðjur á miðstigi hafi fengið fáa tíma í kennslu. Gaman var að sjá hvernig list- og verkgreinakennarar komu inn í kennsluna hjá þeim árgöngum þar sem þeir voru.

Mæting nemenda í skólann má sjá á meðfylgjandi súluriti. Hlutfallið segir til um hve margir mættu af þeim sem áttu að mæta. Framan af voru fleiri sem héldu börnum sínum heima en ástundun jókst eftir páska. Til samanburðar mættu 94% nemenda í skólann 8. maí þegar skólastarf hafði verið hefðbundið í fjóra daga.



5.10 Framkvæmdamat

Viðburðir í skólanum eru margir og eftir hvern viðburð er kallað eftir athugasemdum starfsfólks um hvað má gera betur og hvað gekk vel.

Viðburður:	Hverjir mátu:	Mat og það sem má betur fara:
Skólasetning	Stjórnendur, athugasemdir frá foreldrum og starfsmönnum	Hefðbundin skólasetning sem gekk mjög vel. 2. – 10. bekkur mættu inni stofur og sérstök skólasetning með rósum fyrir 1. bekk.
Ólympíuhlaup ÍSÍ	Allir starfsmenn og viðburðateymi	Hlaupið var gekk vel og var almenn ánægja með framkvæmd, bæði hjá nemendum og starfsfólki. Ábending kom um að hafa tónlist við skólann þar sem starfsfólk stendur við talningu. Verðlaunaafhending var sameinuð við Göngum í skólann og gekk það vel.
Göngum í skólann	Allir starfsmenn og viðburðateymi	Heilsuátakið Göngum í skólann fór fram í Akurskóla tímabilið 5. september til 3. október og voru nemendur hvattir til að ganga eða hjóla í skólann. Að tímabilinu loknu var svo haldin verðlaunaafhending fyrir öll stigin, yngsta, mið og elsta stig, þá voru einnig veitt verðlaun fyrir Ólympíuhlaup ÍSÍ. Þeir bekkir sem stóðu uppi sem sigurvegarar á hverju stigi fengu faraldsbikar (Gullskór) í verðlaun.
Starfsdagur 4. október	Starfsmenn	Menntakvika og skólaheimsókn/unnið að undirbúning. Skylda var að fara á Menntakviku hálfan eða heilan dag. Mikil ánægja með að kennarar hafi tækifæri á að hlýða á fyrirlestra og lagt til að þetta verði áfram.
Upplestrar-keppnin hjá 7.bekk	Stjórnendur	Keppnin gekk vel og var almenn ánægja með framkvæmd og ásýnd keppinnar. Dómarar skólaárið 2019-2020 voru Lára Guðmundsdóttir fyrrverandi skólastjóri, Gunnar Jónsson fyrrverandi skólastjóri og Guðný Ósk B. Garðarsdóttir kennari. Nemandi úr Akurskóla sigraði keppnina í ár.
Jólahátíð	Allir starfsmenn skólans	Nemendur mættu í rými til kennara sinna og komu inn íþróttasal í röðum. Nemendur í 5. bekk sýndu helgileik. Eftir það var öllum stýrt í kringum tréð og dönsuðu við undirspil frá gítarleikara. Gott væri að fá einhvern til að stýra röðunum í kringum jólatréð. Eftir dansinn fóru nemendur með kennurum sínum og héldu stofujól. Nemendur hafa komið með pakka sem þau gefa hvort öðru. Upp hefur komið sú hugmynd að hætta með þennan sið.
Öskudagur	Allir starfsmenn og viðburðateymi	Hátíðin var tvískipt. Yngri nemendur voru í íþróttahúsinu og með stöðvar en eldri, 6. - 10. bekkur fóru í menntastríð. Gott að nota Excelskjalið við skipulagningu. Gæta þarf vel að stigagjöf. Hjá yngra stigi gekk allt vel. Nemendur voru inni í frímínútum. Skoða þarf betur tunnurnar Stuðningsfulltrúar fóru í kaffi kl.9.15-9.35 og kennarar kl. 9.40-10.00. Ætlunin er að endurskoða það og hafa stöðvarnar í gangi frá 9.00-10.30 og starfsfólk fari í kaffi eftir að nemendur fara heim. Í heildina gekk allt mjög vel og nemendur voru ánægðir.
Árshátíð skólans	Allir starfsmenn skólans	Árshátíð Akurskóla var felld niður í ár vegna Covid-19. Nemendur í 8.-10. bekk hittust á sal í lok maí þegar samkomubanni hafði verið aflýst þar sem árshátíðarmyndband 10. bekkjar og leikrit leiklistavalsins var sýnt. Einnig fengu nemendur í 1.-7. bekk að sjá leiksýninguna. Mjög vel heppnað miðað við aðstæður.

Þema í maí	Allir starfsmenn skólans	Stigin unnu saman að þemanu „Undir berum himni“, 1.-4.bekkur, 5.-7.bekkur og tækni, hönnun og umhverfismennt hjá 8.-10.bekk. Mikil ánægja með þemadagana og gengu þeim mjög vel. Kennurum á unglingastigi fannst 90 mínútur heldur langur tími með hverjum hópi.
Vorhátíð	Allir starfsmenn skólans og viðburðateymi.	Keppni á milli bekkja á stöðvum. Hver bekkur átti sinn lit. Gekk hátíðin mjög vel. Í lokin kom Hreimur og söng og spilaði nokkur lög. Áhugi er fyrir því að grilla pylsur í samstarfi við foreldrafélagið næsta vor.
Skólaslit	Allir starfsmenn skólans.	Skólaslit voru með óhefðbundnu sniði í ár vegna Covid-19. Fóru þau fram í heimastofu þar sem kennarar kvöddu nemendur sína og afhentu þeim vitnisburð. Stjórnendur gengu á milli rýma.
Útskriftin hjá 10.bekk	Stjórnendur	Vegna Covid-19 þá var allt með breyttu sniði. Í ár þá var hátíðarkvöldverðinum og útskriftinni steypt saman og úr var frábært lokakvöld með útskriftarnemendum okkar. Nemendur og starfsfólk mættu kl. 17.30 í fordrykk og var síðan borðað saman. Ýmis skemmtiatriði voru í boði. Klukkan 20.00 hófst útskrift sem var hátíðleg og skemmtileg.
Brúum bilið	Stjórnendur og aðrir sem koma að verkefninu	Brúum bilið gekk vel. Allir sem koma að 1.bekk taka þátt í að skipuleggja og sjá um skólaheimsóknir leikskólabarna. Nemendur tóku þátt í þorrapema og gekk það vel. Þó var ákveðið að breyta því á næsta skólaári og hafa það nær vori og hafa þemað gömlu mánuðina. Aðal ástæðan er veður í janúar. Covid-19 hafði þó áhrif á samstarfið í mars og apríl.
Samtalsdagur í september	Kennarar	Halda samtalsdegi óbreyttum þar sem nemendur setja sér námsmarkmið.
Samtalsdagur í janúar	Kennarar	Halda honum óbreyttum þar sem farið er yfir lesferil og nemendur geta sett sér frekari námsmarkmið.
Samtalsdagur í maí	Kennarar	Felldur niður vegna Covid-19. Þó var foreldrum boðið að hafa samband við kennara og koma í viðtal eða fá símtal ef þess var óskað.
Lestrarsprettur í október	Kennarar	Hver árgangur hafði sinn lestrarsprett. Fjölbreytt og skemmtileg verkefni voru fyrir hvern árgang.
Dagur íslenskrar tungu	Kennarar	Núverandi fyrirkomulag bæði gott og skemmtilegt. Ábending um að auka áherslu á ljóð og ljóðagerð. Einnig gæti verið gaman að bjóða foreldrum að koma.
Þorrapema	Kennarar í 1. bekk	Gekk vel og gaman að geta boðið nemendum upp á þorramat. Ákveðið var að breyta því á næsta skólaári og hafa það nær vori og hafa þemað gömlu mánuðina. Aðal ástæðan er veður í janúar.
Lestraráskorun	Kennarar	Hófst í febrúar og höfðu nemendur tíma til lok maí að klára áskorunina. Nemendur fengu spjald með ýmsum lestraráskorunum sem þeir áttu að ljúka. Þegar spjaldið var fullt fengu þeir verðlaun. Gekk vel og nemendur voru áhugasamir.

6 MAT Á UMBÓTAÞÁTTUM

Starfsmenn skólans hafa jafnt og þétt unnið eftir umbótaáætlun skólans fyrir skólaárið. Fjórir þættir voru settir fram sem huga ætti sérstaklega að. Þessir fjórir þættir voru eftirfarandi; námsárangur nemenda, innleiðing aga/uppeldisstefnu, umbótateymi endurvakin og tengsl við foreldra – sýnileiki skólans. Hér á eftir verður gerð grein fyrir hverjum þætti fyrir sig en sumir tengjast þáttum sem áður hefur verið fjallað um s.s. niðurstöðum samræmdra prófa, skólapúlsinum og niðurstöðum skimana.

6.1 Námsárangur

Þessi þáttur er í stöðugri vinnslu og árangur nemenda okkur er öllum starfsmönnum hugleikinn. Eins og áður hefur komið fram var árangur nemenda í 4. og 7. bekk á samræmdum prófum nokkuð undir væntingum en 9. bekkur stóð sig betur.

Miklar framfarir urðu í lesfimi hjá öllum árgöngum frá september til maí og nokkrir árgangar mjög nálægt eða hafa náð viðmiðum MMS.

Nemendur í 6. bekk náðu langbesta árangri sem náðst hefur í talnalykli sem er glæsilegt.

Nemendur bæta sig í Orðarún á milli prófa og þrír árgangar eru við eða yfir viðmiðum.

Við erum því sannarlega á réttri leið og áfram verður haldið að huga að gæðum náms og kennslu og stefna að því að allir nemendur nái hámarksárangri.

6.2 Innleiðing aga/uppeldisstefnu - Uppbyggingastefnan

Innleiðing uppbyggingastefnunnar er komin vel á veg. Þetta skólaárið höfum við fengið stutta kynningu frá öðrum uppbyggingaskóla, sett fyrir verkefni og gert skólann sýnilegri uppbyggingaskóla. Áætlað var að fara erlendis á fyrirlestur hjá Judy Andrews sem er einn hugmyndasmiður þessara stefnu en þurftum við að fresta þeirri ferð vegna Covid-19. Búið er að gera skipulag fyrir starfsmenn til að fara eftir og lítum við svo á að innleiðingu sé lokið en þó munu vera reglulegir fundir með kynningum og kennslu.

6.3 Umbótateymin

Fyrir áramót störfuðu umbótateymi í skólanum. Teymin voru sjö sem skiptust í byrjendalæsi, samfélagsgreinar, skólalíðan, stærðfræði, umhverfi, uppbyggingastefnan og viðburði.

Niðurstöður teyma:

Byrjendalæsi: gæta að námsþörfum nemenda og skipta þeim eftir getu. Einnig var farið yfir námsefni og skimanir sem á að nota.

Samfélagsfræði: langtímamarkmiðið er að tengja kennsluefnið/verkefni hvers stigs við hæfniviðmið aðalnámsskrár, þannig að samfella myndist í samfélagsgreinum og öruggt sé að öll hæfniviðmið séu tekin fyrir.

Skólalíðan: að bæta skólabrag og líðan nemenda. Hafragrautur á morgnana. Aukið samstarf milli árganga, jafnvel milli stiga t.d. vinavika, lestrarvínir, eldri leiða yngri á litlu jólunum og öðrum viðburðum á sal. Reglulegri tengslakannanir.

Stærðfræði: áhersla lögð á hugtakaskilning. Búa til samfellu í stærðfræði frá 1.-10. bekk og að námskrá sé vel unnin því hún er mikilvægt vinnutæki.

Umhverfi: efla umhverfismennt hjá nemendum m.a. með því að hvetja til að nota fjölnota nestisbox. Hafa hreinsunardag sem væri bæði innan og utan veggja skólans. Gera meira úr plastlausum september. Auka flokkun í skólanum.

Uppbyggingastefnan: virkja starfsfólk og auka þekkingu á stefnunni. Setja á eitt verkefni á viku í uppeldi til ábyrgðar sem sett væri á vikupistil. Að hausti væri gert ársáætlun um vinnu í stefnunni með nemendum og starfsfólki. Nýta bekkjarfundi í að æfa hegðun.

Viðburðir: farið yfir þá daga sem teymið heldur utan um. Hvað má betur fara og hvað gekk vel.

6.4 Sýnileiki skólans

Það má með sanni segja að sýnileiki skólans hafi aldrei verið meira en þetta árið. Strax í haust fengu allir foreldrar nýjar skólareglur til umsagnar. Örfáar ábendingar bárust sem tekið var tillit til. Þá fór skólanámskrá Akurskóla einnig til foreldra svo þeir gætu komið með athugasemdir áður en hún færi í formlegt samþykktarferli.

Heimasíðan var vel uppfærð og allar fréttir sem þar komu inn voru settar inn á facebook-síðu skólans. Árgangar eru enn með sínar eigin facabooksíður og hefur það reynst vel til að koma upplýsingum á framfæri sem eiga við ákveðna árganga.

Mikið af tölvupóstum fóru frá stjórnendum skólans og kennurum vegna Covid-19 og sérstakra aðstæðna þetta árið. Við reyndum að halda foreldrum eins vel upplýstum og við gátum. Við fundum að foreldrar kunnu að meta þetta og sendu oft póst til baka til að þakka fyrir upplýsingar og greinagóð svör.

Við höldum áfram á sömu braut og aukum enn á tengsl við foreldra næstu árin. Mikill áhugi er á að koma á kaffihúsafundum með foreldrum í samstarfi við foreldrafélagið á næsta ári en það náðist ekki í ár vegna aðstæðna.

7 LOKAORÐ

Sjálfsmat skóla er viðfangsefni sem er viðvarandi og stöðugt allt skólaárið. Allir starfsmenn skólans koma að vinnu við matið á fundum dreift yfir allt skólaárið og á vordögum.

Í þessari skýrslu hefur verið gerð ítarleg grein fyrir ýmsum þáttum í skólastarfinu, mat á þeim og viðmiðum þar sem það á við.

Vinna við matið á að nýtast öllum starfsmönnum skólans til að bæta starfið, leggja línurnar fyrir næsta skólaár og gera gott starf enn betra.

Á grundvelli þessarar skýrslu verður gerð umbótaáætlun haustið 2020 í samstarfi við alla hagsmunaaðila, starfsmenn skólans, foreldra og nemendur.